

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/02

frá 29. apríl 2013

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 μvar í ostrum (OsHV-1 μvar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu

(tilkynnt með númeri C(2013) 2381)

(2013/213/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ⁽²⁾ er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum á sendingar af lagardýrum, sem eru settar á markað eða fluttar inn, til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar berist til yfirráðasvæðis þeirra.
- 2) Aðildarríki mega beita slíkum takmörkunum að því tilskildu að þau hafi annað hvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða að þau hafi komið á útrýmingaráætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.
- 3) Takmörkunum í tengslum við ostruherpesveiru 1 μvar (OsHV-1 μvar), sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/221/ESB, er einungis ætlað að gilda til 30. apríl 2013. OsHV-1 μvar er nýtilkominn sjúkdómur sem mikil óvissa

ríkir um og eftirlitsáætlanirnar sem samþykktar voru með þeirri ákvörðun hafa ekki verið metnar að fullu. Því skal lengja það tímabil þegar aðildarríkin geta sett á sértækar takmarkanir í tengslum við þennan sjúkdóm um eitt ár.

- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. a í ákvörðun 2010/221/ESB komi dagsetningin „30. apríl 2014“ í stað „30. apríl 2013“.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2013.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 1.5.2013, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.